

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2025, mánudaginn 28. apríl kl. 13:00 var haldinn 364. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir og Helena Guðrún Guðmundsdóttir.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála, þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 25.04.2025, lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF363 lögð fram. Fundargerð samþykkt og verður send til rafrænnar undirritunar.
3. Snorri Hafsteinn Þorkelsson, framkvæmdastjóri fjármála lagði fram og gerði grein fyrir drögum að ársfjórðungsuppgjöri fyrsta ársfjórðungs 2025.
4. Mat á störfum stjórnar, sem framkvæmt var rafrænt og nafnlaust á milli funda, lagt fram. Umræður.
5. Rekstraráhættur. Rekstraráhættuskýrsla lögð fram, ásamt breytingum frá síðustu skýrslu.
6. Sólrún Kristjánsdóttir framkvæmdastýra Veitna mætti á fundinn kl. 13:40 ásamt Hrefnu Hallgrímsdóttur, forstöðukonu vatnsmiðla hjá Veitum og kynntu vatnsvernd í Heiðmörk og samspil hennar við útivist og umferð á svæðinu. Umræður.

Hlé

7. Eftirfarandi gögn vegna breytinga á afmörkun á Þverárdal, sem óskað var eftir á fundi 360, lögð fram:
 - Minnisblað Heru Grímsdóttirog Hörpu Pétursdóttur dags 23.04.2025.
 - Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum 19.05.2008.
 - Matsskýrsla – Bitruvirkjun mars 2008.
 - Viðauki við skýrslu Orkustofnunar janúar 2015.
8. Minnisblað um auðlindir, nýsköpun, sjálfbærni og umhverfi dags 23.04.2025 lagt fram.
9. Klukkan 15:20 mætti Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir til fundarins og lagði fram og gerði grein fyrir sameinaðri mannauðs-, öryggis- og heilsustefnu. Breytt stefna borin upp og samþykkt samhljóða.

Sjálfbærnistefna lögð fram til rýni með breytingum. Frestað.
10. Tilnefning fulltrúa stjórnar í rýni mikilvægisgreiningar, sem frestað var á SF 363. Þórður Gunnarsson er tilnefndur sem fulltrúi stjórnar.

11. Dótturfélög. Stjórnarfundargerðir (drög) og skýrslur framkvæmdastjóra um starfsemina á milli stjórnarfunda. Til upplýsingar.

Fundargerð stjórnarfundar ON nr.74 dags. 26.03.2025
Minnisblað framkvæmdastjóra ON dags. 23.04.2025
Minnisblað framkvæmdastýru Veitna dags. 29.04.2025.
Fundargerð stjórnarfundar Veitna 165 dags. 27.03.2025 (ósamþykkt)
Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans nr 239 dags. 28.03.2025.
Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans dags. 25.04.2025.

Aðalfundargerðir frá 11.04.2025 lagðar fram til upplýsingar.

12. Skýrsla regluvarðar Orkuveitunnar fyrir starfsárin 2023-2024 lögð fram.
13. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli funda, dags 28.04.2025.
14. Önnur mál.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15:50.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 26. maí 2025.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Skúli Þór Helgason
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2025, mánudaginn 31. mars kl. 13:00 var haldinn 363. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Ragnheiður Björk Halldórsdóttir í fjarveru Þórðar Gunnarssonar, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir og Helena Guðrún Guðmundsdóttir að hlutar.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála, þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 26.03.2025 lagt fram.
2. Fundargerðir stjórnarfunda SF361 og SF362 lagðar fram. Fundargerðir samþykktar og verða sendar til rafrænnar undirritunar.
3. Framkvæmdastjóri fjármála lagði fram drög að ársfjórðungsuppgjöri. Umræður.

Minnisblað sjálfbærnistjóra um sjálfbærnireikningsskil Orkuveitunnar, dags. 22. mars 2025 lagt fram og kynnt. Eiríkur Hjálmarsson, sjálfbærnistjóri mætti til fundarins og gerði grein fyrir minnisblaðinu og tillögu að aðkomu stjórnar að rýni mikilvægisgreiningar. Afgreiðslu tillögunnar frestað til næsta fundar.

4. Mat á störfum stjórnar. Frestað. Verður sent út milli funda.
5. Mat á störfum forstjóra. Stjórn mat frammistöðu forstjóra sameiginlega.
6. Vala Valtýsdóttir, formaður starfskjaranefndar lagði fram og kynnti svohljóðandi tillögu um starfskjör forstjóra. Tillögunni fylgir greinargerð:
Starfskjaranefnd leggur til að stjórn samþykki að heildarmánaðarlaun forstjóra hækki úr kr. 3.800.000 í kr. 4.030.400 eða að föst laun hækki um sem nemur hækkun launavísitölu eða 6,4%, þannig verði föst laun kr. 3.830.400 auk mánaðarlegs ökutækjastyrks að fjárhæð kr. 200.000. Þannig að heildarlaun forstjóra verði 4.030.400. Miðast hækkunin við 1. apríl 2025.
Samþykkt samhljóða.

Hlé

7. Klukkan 15:21 mættu Hera Grímsdóttir framkvæmdastjóri Rannsóknar og nýsköpunar, Harpa Pétursdóttir forstöðukona nýrra orkukosta, Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisgyðja, Hildur Kristjánsdóttir og Dario Ingi Di Renzo á fundinn og kynntu rannsóknir í Þverárdal, sem einnig var kynnt á SF 360. Lagt fram minnisblað dags 25.03.2025. Umræður. Stjórn óskar eftir nánari upplýsingum og gagnaöflun um málið. Hera, Harpa, Hólmfríður, Hildur og Dario yfiráfu fundinn klukkan 16:39.

8. Lagt var fram minnisblað um stöðu sjálfbærni og forðamála dags. 27.03.2025
9. Starfskjarastefna, lögð fram til rýni. Stefnan samþykkt samhljóða.
10. Dótturfélög. Stjórnarfundargerðir (drög) og skýrslur framkvæmdastjóra um starfsemina á milli stjórnarfunda. Til upplýsingar.
 - Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans dags. 26.03.2025.
 - Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans nr 237 dags. 21.02.2025.
 - Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans nr 238 dags. 04.03.2025.
 - Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar dags. 26.03.2025.
 - Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar nr. 72 dags. 19.02.2025
 - Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar nr. 73 dags. 27.02.2025
 - Fundargerð stjórnarfundar ON Power. 94 dags. 19.02.2025
 - Fundargerð stjórnarfundar ON Power. 95 dags. 27.02.2025
 - Minnisblað framkvæmdastýru Veitna dags. 27.03.2025.
 - Fundargerð stjórnarfundar Veitna 163 dags. 19.02.2025
 - Fundargerð stjórnarfundar Veitna nr. 164 dags. 27.02.2025
 - Minnisblað framkvæmdastýru Carbfix dags. 20.02.2025
 - Minnisblað framkvæmdastýru Carbfix dags. 11.03.2025
11. Skýrsla forstjóra dags 31.03.2025. Stjórnarfolk dótturfélaga. Til upplýsinga. Lagðar fram ferilskrár Elínar Þórunnar Eiríksdóttur og Ásu Rúnar Björnsdóttur.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:53.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 28. apríl 2025.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Skúli Þór Helgason
Ragnheiður Björk Halldórsdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

Rýni Mannauðstefnu og Öryggis- og heilsustefnu

- Tillaga að sameiningu

Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastýra
Mannauðs og tækni

Núverandi stefnur í Mannauðs og Öryggis- og heilsumálum

Mannauðsstefna Orkuveitunnar

Hjá Orkuveitunni starfar hæft og ánægt starfsfólk sem hefur metnað og burði til að sinna þeim verkefnum sem starfsemi fyrirtækisins kallar á.

Orkuveitan er eftirsóknarverður vinnustaður, sem leggur áherslu á verkefnamenningu, þar sem fagleg þekking og þjónustuvilji fer saman og aðbúnaður og kjör eru samkeppnishæf.

Orkuveitan tryggir að starfsfólk njóti jafnréttis.

Orkuveitan leggur áherslu á að beita markvissri mannauðsstjórnun til að mannauður samstæðunnar nýtist sem best.

Mannauðsstefnan byggir á gildum og heildarstefnu Orkuveitunnar og er sett fram til samræmis við eigendastefnu fyrirtækisins.


Lykiláherslur mannauðsmála núverandi



Við vinnum saman

Við vinnum með fólki með fjölbreyttan bakgrunn sem býr yfir eða hefur vilja til að byggja upp þá hæfni sem hentar verkefnum hverju sinni.

Við tökum forystu í verkefnum og hjá okkur ríkir jákvæður starfsandi.



Sveigjanlegt starfsumhverfi

Við tryggjum góðan aðbúnað og sveigjanleika og sköpum starfsfólki aðstæður til að samræma kröfur vinnu og annarra þátta lífsins.

Við nýtum okkur tækni í starfsumhverfi og starfsfólk nýtur jafnréttis.



Við vöxum saman

Saman erum við lipur og lærdómsfús, nýskapandi og óhrædd að prófa nýja hluti til að ná hámarks árangri.

Saman vöxum við með fjölbreyttum verkefnum og virkri endurgjöf.



Við erum leiðtogar

Við sýnum frumkvæði, ábyrgð og forystu með forvitni og nýsköpun sem drifkraft.

Við sköpum eftirtektarverðar lausnir fyrir viðskiptavinum og samfélagið.

Stefna Orkuveitunnar í öryggis- og heilsumálum

Öryggis- og heilsumál eru alltaf í forgrunni hjá Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Ekkert verk er svo mikilvægt að hætta megi öryggi fólks við framkvæmd þess.

OR er til fyrirmyndar í öryggis- og heilsumálum og einsetur sér að vernda og bæta líf þeirra sem starfa fyrir félagið með því að skapa slysalausan vinnustað þar sem ekkert starfsfólk, verktakar eða aðrir bíði heilsutjón vegna starfseminnar.

Öll sem starfa fyrir OR eru ábyrg fyrir eigin öryggi, tala fyrir auknu öryggi samstarfsfólks og leitast við að koma auga á, meta og stjórna áhættum í vinnuumhverfinu.

Stefna Orkuveitunnar í öryggis- og heilsumálum

Fyrirtækið vinnur markvisst að því að:

- Áhættur í hverju verki séu ávallt undir stjórn
- Skrá atvik og ófullnægjandi aðstæður, greina orsakir og gera umbætur
- Bæta ferla og verklýsingar til að samræma og viðhafa bestu og öruggustu vinnubrögð
- Efla öryggis- og heilsuvitund starfsfólks og verktaka með upplýsingagjöf og þjálfun
- Stjórnendur staðfesti með úrtakseftirliti og stuðningi á verkstað að unnið sé samkvæmt verkferlum og að áhættum sé stýrt

Stefna í öryggis- og heilsumálum byggir á gildum og heildarstefnu OR og er sett fram til samræmis við eigendastefnu fyrirtækisins.

OR uppfyllir kröfur í formi laga, reglna og reglugerða um öryggis- og heilbrigðismál.

Tillaga að sameinaðri stefnu í Mannauðs-, öryggis- og heilsumálum

Mannauðs-, öryggis- og heilsustefna Orkuveitunnar

Orkuveitan er eftirsóknarverður vinnustaður þar sem hæft og ánægt starfsfólk sinnir samfélagslega mikilvægum verkefnum í framsæknu og sveigjanlegu starfsumhverfi.

Við byggjum á árangursmiðaðri og fjölbreyttri liðsheild og saman berum við ábyrgð á að skapa menningu þar sem metnaðarfullt starfsfólk hefur burði til að mæta fjölbreyttum áskorunum og fær tækifæri til að vaxa.

Við tryggjum jafnrétti í inngildandi starfsumhverfi sem einkennist af virðingu og jöfnum tækifærum.

Við leggjum ríka áherslu á að vernda og efla velferð starfsfólks. Öll berum við ábyrgð á að koma auga á, meta og stýra hættum í vinnuumhverfinu. Ekkert verk svo mikilvægt eða áríðandi að hætta megi öryggi og heilsu fólks.

Mannauðs-, öryggis- og heilsustefna byggir á gildum og heildarstefnu Orkuveitunnar og er sett fram til samræmis við eigendastefnu fyrirtækisins.

Lykiláherslur Mannauðs-, öryggis- og heilsumála

Jafnrétti,
fjölbreytileiki
og inngildin

Heilsa, öryggi,
vellíðan

Þróun hæfni til
fram tíðar

Árangursmiðuð
líðsheild

Lykiláhersla: Jafnrétti, fjölbreytileiki og inngilding

Við framkvæmum jafnrétti. Fjölbreytileikinn er styrkur okkar og saman byggjum við inngildandi starfsumhverfi þar sem öll eiga rétt á að tilheyra, vaxa, hafa rödd og njóta trausts.

- Einelti, áreitni eða ofbeldi er aldrei liðið og það er sameiginleg ábyrgð okkar allra að koma í veg fyrir slíkt
- Stjórnendur bera ábyrgð á því að framkvæma jafnrétti
- Við erum forystuafl fjölbreytileika og óhrædd við að ögra viðteknum hefðum

Mælivarðar:

- Inngildandi menning mælist meðal 25% efstu fyrirtækja hjá Gallup fyrir 2030. **Vísitala inngildingar hjá Gallup Access**
- Ekkert kyn yfir 60% í stjórnendalagi. **Mælum kynjahlutfall þvert á fyrirtæki**

Lykiláhersla: Heilsa, öryggi og vellíðan

Við eflum öryggi og heilsu með því að stýra áhættum, læra af atvikum, vera sýnileg á verkstað og bjóðum markvissan stuðning við heilsu og heilbrigði starfsfólks

- Við styðjum við vellíðan og heilbrigðan lífsstíl með góðri aðstöðu og forvörnum
- Við stýrum áhættum í hverju verki og sköpum öruggt vinnuumhverfi
- Við skráum atvik, greinum, lærum og notum niðurstöður til umbóta
- Við sýnum stuðning á verkstað, þar sem stjórnendur ræða við starfsfólk, hlusta á þeirra reynslu og hjálpa til við að finna lærdóm og lausnir

Mælikvarðar:

- Hlutfall verka þar sem áhættur er metnar og þeim stýrt
- Tíðni stuðningsferða stjórnenda
- Tíðni alvarlegra atvika og lærdómsgreining
- Fjarvera vegna veikinda og slysa

Lykiláhersla: Þróun hæfni til framtíðar

Starfsfólk fær tækifæri til að vaxa, sýna frumkvæði og nýta hæfileika sína til að knýja áfram framþróun í starfseminni sem og samfélaginu öllu. Með framsýnni forystu og fjölbreyttum starfsþróunarleiðum sköpum við lærdómsmenningu til að takast á við áskoranir framtíðarinnar.

- Við kortleggjum hæfnipörf og tengjum við persónulegan vöxt, stefnu og framtíðaráskoranir
- Við hvetjum til ábyrgðar og frumkvæðis þegar kemur að lærdómi og vexti
- Við byggjum upp lærdómsumhverfi og grípum tækifæri til nýsköpunar

Mælikvarði:

- Niðurstaða Q12 í Gallup: „Á síðustu 12 mánuðum hef ég fengið tækifæri til þess í vinnunni að læra og vaxa“ mælist á meðal 25% efstu fyrirtækja fyrir 2030. **Tækifæri til lærdóms og vaxtar í Q12 (Gallup Access)**

Lykiláhersla: Árangursmiðuð liðsheild

Við vinnum sem ein liðsheild. Menningin okkar styður við fagmennsku, skilvirk vinnubrögð og sveigjanleika til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.

- Við treystum starfsfólki til að takast á við verkefni af ábyrgð og frumkvæði
- Við leggjum áherslu á opið samtal, uppbyggilega endurgjöf og sýnilegan árangur
- Við byggjum árangursmiðaða liðsheild á trausti, skýrum væntingum og samstilltu framlagi starfsfólks
- Við sköpum starfsfólki aðstæður til að samræma kröfur milli vinnu og annarra þátta lífsins

Mælikvarðar:

- Framsýn forysta mælist meðal 25% efstu fyrirtækja hjá Gallup fyrir 2030 - **Vísitala framsýnnar forystu hjá Gallup Access**
- Niðurstaða Q1 í Gallup: „Ég veit til hvers er ætlast af mér í vinnunni“ mælist á meðal 25% efstu fyrirtækja fyrir 2030. **Skýr ábyrgða- og hlutverkaskipting í Q12 (Gallup Access)**

Takk fyrir

Minnisblað

Viðtakandi: Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri

Sendandi: Hera Grímsdóttir, framkvæmdastýra Rannsókna og nýsköpunar

Dagsetning: 23.04.2025

Efni: Minnisblað um auðlindir, nýsköpun, sjálfbærni og umhverfi

Auðlindastýring

Borun holu LL-07 í Laugalandi í Holtum

Borun nýrrar holu í Laugalandi hófst 25. mars. Holan er boruð með Freyju, bor Ræktunarsambands Flóa og Skeiða. Markmiðið með þessari holu er að nýta hana sem vinnsluholu fyrir Rangárveitu til viðbótar við LL-04 og LL-06 sem eru um 500 m frá nýju holunni. Ef holan nýtist ekki sem vinnsluhola er vonast til að unnt verði að færa niðurdælingu úr holu GN-01 sem er óheppilega nálægt núverandi vinnsluholum.

Hola LL-07 er boruð með sama hætti og gert hefur verið á Geldinganesi og Brimnesi á undanfögnu, þ.e. hún verður boruð í fullt dýpi (um 800 m) áður en rýmt verður fyrir vinnslufóðringu. Verkið fór ágætlega af stað í byrjun og þann 29. mars var holan komin í tæpa 220 m. Síðan þá hafa bormenn verið í basli með hrungjörn jarðlög sem hafa gert þeim lífið leitt og tafið verkið. Ýmislegt hefur verið reynt til að steypa og/eða fódra af þessi jarðlög og lítur út fyrir að tekist hafi að leysa vandann. Nú er verið að bora 10 3/4" fóðringu niður fyrir hrungjarna lagið og vonir standa til að borverkið sé loks komið á beinu brautina.

Jarðhitaleit á Ási

Á Ási í Ásahreppi standa yfir hitastigulsboranir með það fyrir augum að finna meiri heitavatnsforða fyrir Rangárveitu. Í fyrsta áfanga var áætlað að bora fjórar til fimm 150 djúpar holur og eina 350 m djúpa. Nú er borunum á grynri holunum lokið og verið að bora síðustu og dýpstu holna sem stendur nú í 200 m rúmum.

Fráveitan í tölum, Akranes

Greiningarverkefni er hafið til ná utan um magntölur í fráveitukerfi Akranes. Árum saman hefur verið mikið álag á hreinsistöðina vegna fituríks frárennslis frá fiskiðnaði. Allt að þrefalt fituálag er á hreinsistöðina á Akranesi í samanburði við stöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Fitan sest inn á lagnir safnkerfisins og veldur erfiðleikum í rekstri hreinsistöðvarinnar þegar hún berst þangað. Í verstu tilvikunum verður stöðin óstarfhæf á meðan unnið er að þrifum. Fituskotunum fylgir mikill kostnaður við hreinsun og förgun fitu. Það að auki veldur þetta fráhrindandi starfsumhverfi.

Fyrirtækið Vatnsgæði hafa nú hafið mælingar í frárennslisbrunni á völdum stað í safnkerfinu til að ná fram upplýsingum um frárennslid og fitumagnid. Með aukinni gagnaöflun gefst tækifæri fyrir alla

aðila til að dýpka skilning á málinu. Þær niðurstöður munu nýtast bæði í samtali við fyrirtæki vegna málsins og bætir viðbragð Veitna til að verja sín kerfi.

Nýir Orkukostir

Jarðhiti: Hverahlið og Meitlar

Deiliskipulagsbreyting fyrir nýjar vinnslu- og rannsóknarholur í Hverahlið og Meitlum er komin í auglýsingaferli hjá Skipulagsstofnun. Reikna má með að umhverfismat vegna framkvæmdanna fari að sama skapi í auglýsingaferli á næstunni.

Vindorka: Dyravegur

Þann 31. mars 2025 sendi Orkuveitan [matsáætlun](#) fyrir ofangreindan virkjunarkost til Skipulagsstofnunar og hefur opinber kynning staðið yfir síðan þá. Athugasemdafrestur rennur út 28. apríl 2025 og að honum loknum mun stofnunin fara yfir innsendar athugasemdir. Að þeirri yfirferð lokinni verður birt álit með tilmælum og kröfum sem Orkuveitan þarf að hafa til hliðsjónar við gerð umhverfismats fyrir kostinn. Gera má ráð fyrir að álit Skipulagsstofnunar verði gefið út tveimur til fjórum vikum eftir að auglýsingatíma lýkur.

Vegna fjölmiðlaumfjöllunar yfir páskahátíðina þykir rétt að áréttu að engar ákvarðanir hafa verið teknar um hvort virkjað verði á svæðinu. Matsáætlunin er fyrsta skrefið í rannsóknarferli umhverfismats sem getur tekið tvö til þrjú ár. Enn á eftir að framkvæma ítarlegar rannsóknir og meta áhrif á náttúru, nærumhverfi og samfélag, auk þess sem leggja þarf mat á hagkvæmni verkefnisins. Fuglarannsóknir eru þegar hafnar og stefnt er að uppsetning vindmælimasturs ljúki við lok júlí 2025.

Þá er bent á að sá hluti fjölmiðlaumfjöllunarinnar sem fjallaði um álit verkefnastjórn rammaáætlunar á vindorkukostum á Mosfellsheiði varðaði ekki verkefni Orkuveitunnar heldur Zephyr, sem liggur norðan við Dyraveg. Verkefnastjórn rammaáætlunar hefur ekki fjallað um flokkun Dyravegar, en flokkun hans í nýtingarflokk er forsenda þess að verkefnið nái fram að ganga. Þó kostirnir liggi hlið við hlið eru þeir ólíkir með tillit til ýmissa þáttar, þar á meðal sýnileika frá þingvöllum.

Víðtækt samráð við íbúa, sveitarfélög, hagsmunaaðila og hlutaðeigandi eftirlitsstofnanir er í undirbúning innan Nýrra Orkukosta. Nú þegar hafa átt sér stað fundir með Samgöngustofu, ISAVIA, Samtök ferðaþjónustunnar og Landvernd auk þess sem aðliggjandi sveitarfélög hafa verið reglulega upplýst um framvindu verkefnisins.

Endanleg ákvörðun um virkjunarkostinn verður ávallt tekin á vettvangi stjórna Orku náttúrunnar, Orkuveitunnar sem og að fengnu samþykki eiganda. Nánari upplýsingar um verkefnið má nálgast á vefsvæði verkefnisins: [Vindorkukostur við Dyraveg](#).

Vindorka: Lyklafell

Ákveðið hefur verið að hætta skoðun á ofangreindum virkjunarkosti, að svo stöddu, þar sem samningaviðræður við landeiganda hafa ekki gengið eftir.

Nýsköpun Auðlinda

Sameining hitaveitukerfis höfuðborgarsvæðisins

Stærsta nýsköpunarverkefni sem unnið er af RoN fyrir Veitur og ON snýr að sameiningu hitaveitukerfis höfuðborgarsvæðisins (blöndunarverkefnið). Sameiningu hitaveitukerfisins verður náð fram með breyttri framleiðslu á heitu vatni í virkjunum ON þannig að framleitt sé vatn sem má blanda við heitt vatn úr lághitasvæðum Veitna á höfuðborgarsvæðinu. Tilraunakerfi var sett upp á Hellisheiði árið 2024 og tekið í rekstur í desember. Fyrstu niðurstöður tilrauna hafa nú borist og lofa afar góðu. Markmið með breyttri framleiðslu á heitu vatni í virkjunum ON er að framleiða vatn sem hefur lítið magnesíum til að koma í veg fyrir myndun magnesíumsílikat útfellinga í hitaveitukerfi höfuðborgarsvæðisins þegar það verður sameinað í eitt kerfi. Vatn út úr tilraunakerfinu hefur að jafnaði magnesíumstyrk í kringum 0,2-0,3 mg/kg en markmiðið er að halda magnesíumstyrk í vatninu undir 0,5 mg/kg. Stærsta markmiði verkefnisins hefur því verið náð. Næstu skref snúa að bestun á uppsetningu og rekstri kerfisins áður en formleg ákvörðun verður tekin hjá ON um framkvæmdir í varmastöð til að sameina hitaveitukerfi höfuðborgarsvæðisins.

Önnur nýsköpunarverkefni hjá RoN

RoN vinnur að könnun möguleika Veitna til að framleiða rafmagn til að minnka rafmagnskaup vegna eigin notkunar. Þau verkefni eru á fyrstu metrunum en helst ber að nefna skoðun á framleiðslu rafmagns með vindorku til að knýja dælur í hitaveitu auk skoðunar á rafmagnsframleiðslu úr lághitaholum yfir 100°C. Niðurstöður þeirra verkefna verða kynntar þegar þær berast.

Sjálfbærni og umhverfi

Út er kominn [Loftslagsvegvisir Orkuveitunnar](#). Í honum er ítarlega tilgreint hvaða aðgerðir í loftslagsmálum eigi að skila fyrirtækjunum í samstæðunni að loftslagsmarkmiðum sínum. Í Heildarstefnu Orkuveitunnar er stefnt að vottuðu kolefnishlutleysi 2040 miðað við bestu viðmið. Í Loftslagsvegvisinum er lagt mat á líklegan árangur hvernar aðgerðar og byggir það á samtali við stjórnendur félaga í samstæðunni og því vottaða [loftslagsbókhaldi](#) sem Orkuveitan heldur og gaf síðast út snemma í mars.